

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 18. maí 2017 - R17040185

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R17010031	Fundargerð 157. fundur Faxaflóahafna frá 17. maí 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17050033	Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingu (kosningaaldur)	Sent stjórnkerfis- og lýðræðisráði til umsagnar.
R17050055	Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns	Sent borgarskjalasafni til umsagnar.
R17010045	Boð um þátttöku í málþing um þátttökulýðræði í sveitarfélögum í september 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar
R17050123	Frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17050124	frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar
R17050122	frumvarp til laga um landgræðslu, 406. mál	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17020210	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu á tillögu um yfirferð á ástandi gangstétta og gönguleiða við biðstöðvar	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17020209	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu á tillögu um færslu ljósastaura við Oddfellowhúsið	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17020019	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu á skýrslu um akstur stórra bifreiða	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17050084	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringu á lóð frístundaheimilisins Stjörnulands við Ingunnarskóla	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17050110	Umsókn um lóð fyrir Reykjavík Eye	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar
R17020190	Skipun matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar.
R17050109	Erindi RIFF vegna Kvikmynda sem kennsluefni	Sent skóla- og frístundasviði til umsagnar
R17050109	Erindi Riff vegna Stelpur Filma	Sent skóla- og frístundasviði og íþrótt- og tómstundasviði til umsagnar
R17050033	Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingu (kosningaaldur)	Sent nefndasviði alþingis.
R17010233	Mánaðarskýrsla lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna tölfræði afbrota í apríl 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.

Fundur nr. 157

Ár 2017, miðvikudaginn 17. maí kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 10:00.

Mættir:

Dagur B. Eggertsson
Líf Magneudóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Ólafur Adolfsson
S. Björn Blöndal
Björgvin Helgason
Magnús Smári Snorrason
Halldór Halldórsson

Áheyrnarfulltrúar:

Ingibjörg Valdimarsdóttir
Sigríður Bergmann

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri, Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi, Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi, Guðmundur Eiríksson, forstöðumaður tæknideildar og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð

1. Erindi endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar dags. 18.04.2017, varðandi samþykkt verklagsreglna um upplýsingagjöf.
Lagt fram.
2. Ársreikningur Hafnarsambands Íslands
Lagður fram.
3. Rekstraryfirlit janúar - mars 2017 ásamt minnisatriðum hafnarstjóra dags. 15.5. 2017.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir helstu atriðum yfirlitsins.
4. Lífeyrismál - minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 5. maí 2017 um uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna B-hluta fyrirtækja sveitarfélaga.
Lagt fram.
5. Tölvupóstur fjármálastjóra Reykjavíkurborgar dags. 4.5.2017 samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um uppgjör á ófjármögnum skuldbindingum sveitarfélaga og félaga í eigu þeirra við A-deild Brúar lífeyrissjóðs. Kynningarglæsur frá Brú lífeyrissjóði.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir málinu. Um er að ræða samræmingu á lífeyrisréttindum með lögum nr. 127 frá 2016 sem aftur byggja á samkomulagi heildarsamtaka opinberra starfsmanna, ríkis og sveitarfélaga frá því í september sl. Lögin fela í sér að tekin er upp aldurstengd réttindaávinnsla í stað jafnrar ávinnslu og lífeyrisaldur er hækkaður úr 65 árum í 67. Ríki og sveitarfélögum er gert skylt að fjármagna halla á framtíðarskuldbindingum viðkomandi lífeyrissjóða vegna þeirra breytinga

sem um ræðir svo og að koma áfallinni stöðu sjóðanna í jafnvægi. Tryggingafræðilegur útreikningur mun liggja fyrir í haust, en greiðsla á að eiga sér stað fyrir 1. nóvember nk. með skuldabréfi eða peningum.

Áætlaður hlutur Faxaflóahafna sf. í svokölluðum jafnvægis- og lífeyrisaukasjóði er samtals um 282 milljónir króna og í varasjóði, sem settur er á stofn á grundvelli laganna, um 21 milljón króna sem greiða skal með skuldabréfi.

Hafnarstjóra er falið að afla frekari upplýsinga um greiðsluskyldu og útreikning lífeyrissjóðsins.

6. Skipurit og skipulagslýsing.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir málinu. Hafnarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.
7. Grænt bókhald fyrir árið 2016.
Hafnarstjórn samþykkir skýrslu um grænt bókhald fyrir árið 2016.
8. Skipulagsmál:
 - a. Fiskislóð 33-37 - Kynning á hugmyndum Tark arkitekta.
Skipulagsfulltrúi fór yfir fyrirbyggjandi tillögur. Á meðan beðið er skýrslu um umferðarmál í Örfirisey og nágrenni þá er erindinu frestað til næsta fundar. Skipulagsfulltrúa er falið að koma ábendingum á framfæri um það sem betur má fara.
 - b. Land utan Klepps - Kynning á drögum Teiknistofu Gylfa Guðjóns að skipulagi og uppdrætti.
Skipulagsfulltrúi fór yfir fyrirbyggjandi vinnugögn varðandi ýmsa þætti sem taka þarf tillit til við deiliskipulagsgerð utan Klepps. Málið verður áfram til vinnslu og í framhaldi lagt fyrir hafnarstjórn.
 - c. Sölu- og þjónustuhús á Vesturbugt, Ægisgarði og Miðbakka - Kynning á drögum Yrki arkitekta að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar og forsögn vegna nýs deiliskipulags Miðbakka.
Skipulagsfulltrúi kynnti vinnugögn frá Yrki arkitektum varðandi skipulagssvæðið frá Vesturbugt að Austurbakka. Þegar endanleg tillaga liggur fyrir verður hún lögð fyrir hafnarstjórn.
9. Erindi skipulagsstjóra Reykjavíkur dags. þar sem óskað er umsagnar um erindi Efnarásarinnar ehf. um starfsleyfi á lóðinni Klettagarðar 9 fyrir móttöku á spilliefnum. Minnisblað hafnarstjóra og skipulagsfulltrúa dags. 15.5.2017.
Hafnarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að umsögn þar sem lagst er gegn aukinni starfsemi á lóðinni Klettagarðar 9.
10. Fjörusteinninn. Minnisblað skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2017.
Gerð var grein fyrir tillögu að útnefningu vegna Fjörusteinsins og samþykkir hafnarstjórn fyrirbyggjandi tillögu.
11. Farþegagjald vegna farþega skemmtiferðaskipa og hafsækninnar ferðaþjónustu. Samkvæmt samþykkt hafnarstjórnar frá 14. september 2014 verður móttöku- og farþegagjald lagt á fyrirtæki í hafsækinni ferðaþjónustu og tekur gjaldið bæði til farþega skemmtiferðaskipa og hvala- og náttúruskoðunar. Nú þegar er hafin vinna við deiliskipulag á svæðinu frá

Vesturbugt að Austurbakka þar sem fyrirhugað er að reisa þjónustuhús fyrir þessa starfsemi og í framhaldi auka við aðstöðu á Skarfabakka. Hafnarstjóri gerði grein fyrir nokkrum valkostum varðandi gjalddökuna og mun hafnarstjórn taka málið til frekari skoðunar á næsta fundi.

12. Minnisblað aðstoðarhafnarstjóra dags. 2.5.2017 vegna endurbóta á Aðalhafnargarði Akraneshafnar.
Lagt fram.

13. Forkaupsréttarmál.

a. Erindi Fasteignamarkaðarins dags. í apríl 2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta við Eyjarslóð 9 fastanr. 200-0089. Kaupandi Rosso ehf., kt. 610306-0120. Seljandi Sólvöllur ehf. kt. 561002-2070.

Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti enda sé starfsemin innan ákvæða deiliskipulags og lóðarleigusamnings.

14. Önnur mál.

a. **Lögð fram rekstraráætlun Próunarfélags Grundartanga ehf.**

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 10:30

Sigundur Björn Blouel

Þorleifur Guðmundsson
Ingibjörg Valdimarsd.

Maður Snorri

Andri Snær Magnason
Vagnur Albertsson

Björgvin Helgason

Stefán Guðmundsson

Jon Þorvaldsson
Kári Benediktsson

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998,
með síðari breytingum (kosningaaldur).

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Ásta Guðrún Helgadóttir, Andrés Ingi Jónsson,
Logi Einarsson, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Pawel Bartoszek,
Nichole Leigh Mosty, Smári McCarthy, Vilhjálmur Árnason,
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Teitur Björn Einarsson,
Jóna Sólveig Elínardóttir, Björn Leví Gunnarsson,
Kolbeinn Óttarsson Proppé, Viktor Orri Valgarðsson.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo: Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver ís-
lenskur ríkisborgari sem náð hefur 16 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í
sveitarfélaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um frumvarpið og fyrri þingmál sama efnis.

Frumvarp þetta er lagt fram til að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri
þess til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur. Verði frumvarpið að
lögum munu aldursmörk kosningaréttar í sveitarstjórnarkosningunum 2018 verða við 16 ára
aldur í stað 18 ára eins og nú er. Munu þá nærri því 9.000 manns fá tækifæri til að hafa á
kjördegi áhrif á mikilvægar ákvarðanir sem varða líf þeirra og umhverfi sem ekki njóta
þessara grundvallarréttinda lýðræðisins að óbreyttum lögum.

Dræm og dvínandi þátttaka ungs fólks í kosningum til löggjafarþinga og sveitarstjórna er
víða staðreynd og veldur áhyggjum af framtíð lýðræðis. Þykja líkur til þess að fólk geti orðið
afhuga stjórnmaláþátttöku og snúist afbraut lýðræðislegrar stefnumótunar og ákvarðanatöku,
þar sem málum er ráðið til lykta með umræðu og síðan kosningum, ef ekki gefst kostur á þátt-
töku jafnskjótt og vitund einstaklingsins um áhrifamátt sinn og ábyrgð á eigin velferð og
samfélagsins hefur vaknað. Að sjálfsögðu eiga hér einnig við hin almennu sjónarmið um lýð-
ræðislega framkvæmd, þ.e. að mikil og víðtæk þátttaka í kosningum gefi traustasta vitneskju
um vilja borgaranna og því mikilvægt að sem allra flestir njóti atkvæðisréttar.

Þingmál þessa efnis hafa verið lögð fram fjórum sinnum áður. Fyrst ber að nefna tvö mál
þingmanna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs; þingsályktunartillögu Hlyns Hallssonar
og Kolbrúnar Halldórsdóttur á 133. löggjafarþingi (514. mál) og frumvarp Árna Þórs
Sigurðssonar á 141. löggjafarþingi (418. mál). Þá lögðu þingmennirnir Katrín Jakobsdóttir,
Árni Páll Árnason, Kristján L. Möller og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir fram frumvarp þessa

efnis á 144. löggjafarþingi, en það varð ekki útrætt og var því endurflutt af Katrínu Jakobsdóttur og Árna Páli Árnasyni á 145. löggjafarþingi (116. mál) en náði ekki fram að ganga.

Fyrri mál þessa efnis hafa miðað að því að lækka kosningaaldur almennt úr 18 í 16 ár, sem krefst þess að gerðar séu breytingar á 33. gr. stjórnarskrár Íslands. Hér er hins vegar lagt til að stíga skrefið til hálfis með því að breyta kosningaaldri í kosningum til sveitarstjórna sem krefst aðeins einfaldrar lagabreytingar. Verði frumvarp þetta samþykkt leggja flutningsmenn á það áherslu eftir sem áður að stefnt sé að því að stíga frekari skref í sömu átt á næstu misserum. Hvort sem það er gert sem hluti af vinnu við endurskoðun stjórnarskrár og kosningalaga, sem boðuð hefur verið á yfirstandandi kjörtímabili, eða með sjálfstæðu þingmáli, þá er mikilvægt að ná samstöðu um þær breytingar fyrir næstu alþingiskosningar.

Þróunin erlendis.

Rýmkun kosningaaldurs er meðal brýnna umræðuefna samtímans og allvíða hafa verið stigin skref í þá átt að lækka kosningaaldur. Misjafnt er eftir ríkjum hversu langt hefur verið gengið. Dæmi eru um að kosningaaldur sé víkkaður út í sérstökum kosningum, á borð við þjóðaratkvæðagreiðslur, eða í kosningum til tiltekinna stjórnsýslustiga, eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Austurríki var fyrsta landið til að stíga það skref að lækka kosningaaldur í 16 ár í öllum kosningum árið 2007 og kjörgengisaldur í 18 ár nema í forsetakosningum þar sem hann er 35 ár.¹

Mjög vel heppnað dæmi um lækkun kosningaaldurs var við þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands árið 2014. Gríðarleg þátttaka var í atkvæðagreiðslunni þótt kosningaþátttaka væri almennt dræm á sama tíma um alla Evrópu. Almennt þótti hún takast prýðilega með tilliti til lýðræðislegra sjónarmiða og á grundvelli þessarar jákvæðu reynslu samþykkti skoska þingið með stórauðnum meiri hluta árið 2015 að stíga skrefið til fulls og lækka kosningaaldur í þing- og sveitarstjórnarkosningum úr 18 árum í 16 ár.²

Í nokkrum ríkjum á Balkanskaga, þ.e. Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi, hafa ungmenni á vinnumarkaði sem eru orðin 16 ára einnig kosningarrétt. Þá er kosningaréttur í þingkosningum bundinn við 16 ár á bresku sjálfstjórnarsvæðunum Mön, Jersey og Guernsey. Kosningaaldur til héraðs- og sveitarstjórna hefur og verið lækkaður í 16 ár í nokkrum Evrópulöndum. Þeirra á meðal er Noregur en þar var 16 ára aldurstakmarki í kosningum til sveitarstjórna komið á í tilraunaskyni í 20 sveitarfélögum.³ Þá má nefna Eistland og Möltu þar sem 16 ára aldurstakmark í sveitarstjórnarkosningum var nýverið samþykkt. Reynsla Maltverja af þátttöku 16 og 17 ára kjósenda í sveitarstjórnarkosningum árið 2015 var góð og því er uppi hávæðing umræða um að lækka jafnframt kosningaaldur í þingkosningum.

Þá er kosningaaldur til ríkisþings (Landtagswahl) 16 ár í fjórum þýsku sambandsríkjanna (Brandenburg, Bremen, Hamborg og Schleswig-Holstein).⁴ Hins vegar er kosningaaldur 16 ár í sveitarstjórnarkosningum í tíu af þýsku sambandsríkjunum, en þar reið Niedersachsen á vaðið árið 1996.⁵

¹ „Wahlrecht.“ www.help.gv.at/Portal.Node/hlpd/public/content/32/Seite.320210.html

² „Voting age in Scotland lowered to 16.“

www.aboutmyvote.co.uk/register-to-vote/voting-age-in-scotland-lowered-to-16

³ Regjeringen.no. „Har du stemmeret?“

www.regjeringen.no/nb/tema/valg-og-demokrati/valgportalen-valg-no/kommunestyrevalg/stemmerett-lokalvalg/id457098/

⁴ „Landtagswahlrecht.“ www.wahlrecht.de/landtage

⁵ „Wahlen ab 16 in Deutschland.“ www.machs-ab-16.de/waehlen-ab-16/waehlen-ab-16-deutschland

Þing Evrópuráðsins samþykkti árið 2011 ályktun 1826 um aukið lýðræði með lækun kosningaaldurs í 16 ár þar sem því er beint til aðildarríkja Evrópusambandsins að gera ráðstafanir til að efla þátttöku ungmenna á vettvangi samfélagsins, m.a. með því að kanna hvort rétt sé að lækka kosningaaldur í 16 ár í öllum kosningum í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins.⁶

Meðal ríkja utan Evrópu sem hafa innleitt 16 ára aldurstakmark við þingkosningar eru Suður- og Mið-Ameríkuríkin Argentína, Brasilía, Kúba, Ekvador og Níkaragva.

Staðan á Íslandi.


Kosningaaldri var síðast breytt á Íslandi árið 1984 þegar hann lækkaði úr 20 árum í 18 ár. Það gerðist í samvinnu allra flokka á þingi, enda í takt við þróun sem fór af stað nokkru fyrr í mörgum nágrannalöndum Íslands. Fyrsta ríkið til að taka upp 18 ára kosningaaldur var Tékkóslóvakía árið 1946, en árið 1970 urðu Bretland og Þýskaland fyrstu ríkin í Vestur-Evrópu til að lækka kosningaaldurinn í 18 ár.

Íslenska kosningarannsóknin er viðamikil rannsókn á vegum Háskóla Íslands þar sem lagðar eru fyrir spurningar um kosninga- og stjórn málahegðun íslenskra kjósenda. Hún var fyrst gerð í kjölfar kosninga til Alþingis árið 1983 og hefur verið endurtekin eftir hverjar alþingiskosningar síðan þá.

Niðurstöður íslensku kosningarannsóknarinnar hafa gefið sterkar vísbendingar um minnkandi kosningaþátttöku ungs fólks frá því að rannsóknin hófst árið 1983. Vegna þessa samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 33/143 um að fela forsætisráðherra að hlutast til um að Hagstofa Íslands kallaði eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um kjörsókn eftir fæðingarári við almennar kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur frá og með árinu 2014. Þar með hefur verið hægt að greina nákvæmlega þá stöðu sem Íslenska kosningarannsóknin hafði áður aðeins gefið til kynna. Niðurstöður Hagstofu Íslands eftir þrennar undangengnar kosningar, þ.e. sveitarstjórnarkosningar 2014, forsetakjör 2016 og alþingiskosningar sama ár, staðfesta það sem kosningarannsóknin hafði dregið fram, þ.e. að kosningaþátttaka ungs fólks er minni en meðal eldri kjósenda. Þetta var sérstaklega skýrt í sveitarstjórnarkosningum 2014 þar sem kosningaþátttaka fólks undir þritugu var 47,5% en meðalkjörsókn 66,5%.

Til að bregðast við dræmri kosningaþátttöku meðal ungs fólks er nauðsynlegt að grípa til margþættra aðgerða. Eitt dæmi þar um er verkefnið „Kosningavakningin: #ÉGKÝS“, sem Landssamband æskulýðsfélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema halda utan um. Átakið miðar að því að efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til að taka upplýsta ákvörðun um ráðstöfun atkvæðis síns. Fyrir alþingiskosningarnar 2016 var þetta m.a. gert með því að halda fundi ungs fólks um allt land með frambjóðendum og skipuleggja skuggakosningar í framhaldsskólum. Vel tókst til við átakið fyrir kosningarnar haustið 2016, en það kann að vera hluti skýringarinnar á því að kjörsókn í yngstu hópnum var talsvert meiri í alþingiskosningum 2016 en hún var í sveitarstjórnarkosningum 2014, eins og sjá má á eftirfarandi línuriti:

⁶ „Resolution 1826 (2011). Expansion of democracy by lowering the voting age to 16.“
<http://assembly.coe.int/nw/xml/XRef/Xref-XML2HTML-en.asp?fileid=18015&lang=EN>



Heimild: Hagstofan⁷

Ungt fólk hefur skoðanir á samfélagsmálum.

Þótt kosningaþátttaka ungs fólks sé minni en eldri kjósenda er ekki þar með sagt að það láti sig málefni samfélagsins litlu varða. Þvert á móti hlýtur að mega benda á ýmsar sjálf-sprottnar herferðir ungs fólks til vitundarvakningar sem dæmi um mikinn áhuga þess á samfélagsmálum. Þar nægir að nefna #freethenipple, þar sem barist var gegn stafrænu kynferðis-ofbeldi, eða „Ég er ekki tabú“, sem vakti athygli á geðsjúkdómum og of litlu aðgengi ungmenna að sálfræðiaðstoð. Doktorsrannsókn Ragnýjar Þóru Guðjohnsen bendir til þess að þótt dregið hafi úr stjórnmalapáttöku ungs fólks á undanförunum árum og áratugum sé það öllu heldur til marks um að borgaraleg þátttaka þess birtist með öðrum hætti en áður. Þótt þátttaka ungmenna í hefðbundnu stjórnmalastarfi kunni að vera minni nú en áður geta þau verið mjög virk á öðrum sviðum eins og dæmin sanna ótvírætt.⁸

Innan margra sveitarfélaga starfa ungmennaráð sem ætlað er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í samfélaginu. Ungmennaráð funda víða reglulega með sveitarstjórn þar sem ungmennin mæla fyrir tillögum sem snúa sérstaklega að málefnum sem brenna á ungu fólki. Reynsla sveitarstjórnarfólks af þessu er almennt mjög jákvæð, þarna á sér stað mikilvægt samtal og úr þessum jarðvegi spretta oft góðar hugmyndir sem hrint er í framkvæmd.

Ungmennaráð UMFÍ hefur síðastliðin ár haldið ráðstefnuna „Ungt fólk og lýðræði“ þar sem saman koma fulltrúar úr ungmennaráðum sveitarfélaga alls staðar af landinu. Þessar ráðstefnur eru fjölsóttar og vel sóttur lýðræðislegur vettvangur þar sem ungt fólk hefur fjallað ítarlega um tiltekin málefni og ályktað í lok ráðstefnunnar. Ályktanir hvers árs endurspeglar gjarnan meginviðfansefni ráðstefnanna. Þó kemur fram í þeim öllum ríkur vilji til þess að

⁷ Hagstofa Íslands: „Kjörsókn minni meðal yngri en eldri kjósenda“

⁸ „Þátttaka ungs fólks ekki minni heldur öðruvísi“
www.ruv.is/frett/thatttaka-ungs-folks-ekki-minni-heldur-odruvisi

kosningaaldur verði lækkaður niður í 16 ár til að styrkja stöðu ungmenna í lýðræðinu, eða eins og það var orðað í ályktun frá ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“ árið 2014: „Við leggjum til að kosningaaldur í sveitarstjórnarkosningum verði lækkaður niður í 16 ára. Með þeim hætti gæti ungt fólk tekið virkan þátt í stjórnámálum í sínu nærumhverfi til þess að auka áhuga ungs fólks á stjórnámálum. Myndi það stuðla að virkri þátttöku ungmenna síðar meir á stjórnámálum.“⁹

Í sama streng tekur Landssamband æskulýðsfélaga, LÆF, sem er regnhlífarsamtök fyrir 30 ungmennafélög á Íslandi. Stefna LÆF varðandi lækkun kosninga- og kjörgengisaldurs er: „Telur LÆF að lækka skuli kosninga og kjörgengisaldur niður í 16 ára. Kosningarétturinn er lyklatríði í öllum/sérhverju lýðræðissamfélagi. Við 16 ára aldur byrja einstaklingar að greiða tekjuskatt, skólaskyldu lýkur og telur LÆF því að ungu fólki sem treyst sé fyrir þeim ákvörðunum og skyldum eigi líka að vera treyst fyrir því að kjósa sína fulltrúa. LÆF vill að aldur til þess að bjóða sig fram til embætti forseta Íslands verði lækkaður í 16 ára samhlíða lækkun kjörgengisaldurs til alþingis og sveitastjórna.“

LÆF hefur verulegar áhyggjur af dvínandi kosningaþátttöku ungs fólks. Sýnt hefur verið fram á að þeir sem nýta sér kosningaréttinn þegar þeir eru ungir eru líklegri til þess að gera það alla ævi. Það er því nauðsynlegt að hvetja til aukinnar þátttöku ungs fólks í kosningum og virkja þau til þátttöku í samfélaginu.¹⁰

Við undirbúning þessa máls boðuðu fyrstu flutningsmenn til fundar með stjórn Landsambands æskulýðsfélaga, ungmennaráði UNICEF og ráðgjafarhópi umboðsmanns barna. Þar komu fram ólík sjónarmið á málið og var sérstaklega bent á að ef frumvarpið verður samþykkt væri ákaflega mikilvægt að gera ráðstafanir til að fræða þau börn sem yrðu þá fyrst til þess að kjósa yngri en 18 ára. Lýstu margir fundargesta áhyggjum af því að fræðsla um lýðræðismál á efsta stigi grunnskóla og í framhaldsskólum væri oft og tíðum ekki nógu öflug og því lyklatríði að gera bragarbót til að styðja við lýðræðisþátttöku yngstu kjósendanna. Telja flutningsmenn fulla ástæðu til að taka undir þessar ábendingar. Hvort sem kosningaaldur er lækkaður niður í 16 ár eða helst áfram í 18 árum skiptir miklu að efla kennslu í gagnrýnni hugsun og lýðræði í öllu skólasterfi.

Lýðræðislegra samfélag.

Óhætt er að fullyrða að þróunin gengur almennt í þá átt að lækka kosningaaldur. Margar stjórn málahreyfingar hafa sett þetta markmið á stefnuskrá sína, ýmis skref hafa verið stigin í þessa átt og fylgi við lækkun kosningaaldurs fer vaxandi víða um heim. Yfirleitt vaknar krafa um slíkar umbætur á sveitarstjórnarstigi eða vegna almennra kosninga um staðbundin málefni og beinist síðan að kosningum til löggjafarþings.

Segja má að sú þróun sem leiðir til lækunar kosningaaldurs og umræða um þetta málefni endurspeglar í senn þá staðreynd að ungt fólk á nú kost á fjölbreyttri vitneskju um samfélagsmál sem það nýtir sér til að taka afstöðu til málefna samtíðarinnar og áhyggjur af því að hinn hefðbundni stjórn málavettvangur höfði ekki nægilega vel til ungs fólks. Hvað þann aldurshóp varðar sem hefur myndað sér skoðanir á stjórnámálum en getur ekki haft áhrif með atkvæði sínu er auðvelt að skilja áhugaleysið. Hvernig sem á þetta er litið virðist afar mikilvægt að ungt fólk komist í kallfæri við stjórn málin, geti látið rödd sína heyrast á þeim vettvangi og verði meðal þeirra sem taka þátt í hinni margradda umræðu um samfélagsmál sem ávallt þarf að hljóma á lýðræðislegum stjórn málavettvangi. Með því að veita ungu fólki á aldrinum

⁹ www.mbl.is/folk/frettir/2014/04/15/leggja_til_laegri_kosningaaldur

¹⁰ www.aeska.is/log-2

16–18 ára kosningarrétt fengi það tækifæri til að móta líf sitt og framtíð á sama hátt og aðrir borgarar og yrði að fullu gjaldgennt í umræðu um stjórnmal og samfélagsmálefni.

From: Njörður Sigurðsson [mailto:njordur@skjalasafn.is]
Sent: 8. maí 2017 11:57
To: Skjalavarsla
Subject: Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns til umsagnar

Til sveitarfélaga, héraðsskjalasafna og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hér með sendir Þjóðskjalasafn Íslands drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns til umsagnar. Í viðhengi er bréf þjóðskjalavarðar og reglugerðardrögin. Umsagnarfrestur er til og með 16. júní nk.

Pann 15. maí nk. kl. 10 verður kynningarfundur um reglugerðardrögin í Þjóðskjalasafni. Upplýsingar um fundinn og skráningu á hann er að finna í bréfi þjóðskjalavarðar.

Með kveðju,

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegur 162, 105 Reykjavík

Sími 590 3300 / 590 3322

njordur@skjalasafn.is - www.skjalasafn.is

Um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://skjalasafn.is/disclaimer>

Reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um rekstur héraðsskjalasafns sem eru sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands.

2. gr.

Rekstrarleyfi.

Sveitarstjórn eða byggðasamlag getur sótt um leyfi til reksturs héraðsskjalasafns til Þjóðskjalasafns. Einungis þeim sveitarstjórnnum og byggðasamlögum sem hafa fengið leyfi til reksturs héraðsskjalasafns er heimilt að reka slíkt safn. Þjóðskjalasafn Íslands veitir leyfi til reksturs héraðsskjalasafns að fengnu samþykki ráðherra. Rekstur héraðsskjalasafns er á ábyrgð þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem að því standa.

Umsókn skal afgreidd innan þriggja mánaða frá því að öll gögn hafa verið lögð fram. Drög að samþykkt héraðsskjalasafns fylgi með umsókn.

3. gr.

Skilyrði rekstrarleyfis.

Til að Þjóðskjalasafn Íslands geti gert tillögu til ráðherra um að veita skuli leyfi til reksturs héraðsskjalasafns þarf fyrirhugað safn að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að tryggja að rekstur þess sé í samræmi við lög um opinber skjalasöfn:

1. Fjárhagsgrundvöllur fyrir starfsemi héraðsskjalasafns skal tryggður svo það geti sinnt starfsemi og hlutverki opinbers skjalasafns sbr. 13. gr. laga um opinber skjalasöfn.
2. Héraðsskjalasafn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar héraðsskjalasafns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Héraðsskjalasafn skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína til Þjóðskjalasafns Íslands. Þjóðskjalasafn gefur út leiðbeiningar um innihald skýrslunnar.
3. Héraðsskjalasafn skal starfa eftir samþykkt sem hefur verið staðfest af Þjóðskjalasafni Íslands. Í samþykkt skal m.a. tilgreina stjórn, skipulag, hlutverk og starfssvæði héraðsskjalasafns, og með hvaða hætti komið verður til móts við ákvæði laga um opinber skjalasöfn við lok starfsemi og ráðstöfun safngagna. Ef rekið er byggðasamlag um starfsemi héraðsskjalasafns fer eftir ákvæðum IX. kafla sveitarstjórnarlaga um byggðasamlög. Samþykkt héraðsskjalasafns sem fengið hefur rekstrarleyfi skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Breytingar á samþykkt skulu jafnframt staðfestar af Þjóðskjalasafni Íslands. Þjóðskjalasafn gefur út leiðbeiningar um innihald samþykktar.
4. Héraðsskjalasafn skal hafa yfir að ráða húsnaði sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
 - a. Hefur starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti og skal skila afriti af því til Þjóðskjalasafns Íslands sé þess óskað,
 - b. eldvarnaeftirlit gerir reglulegar úttektir á húsnaði safnsins og skal skila afriti af slíkum úttektum til Þjóðskjalasafns Íslands sé þess óskað,

- c. geymsluhúsnæði safnsins skal vera með þeim hætti að langtímavarðveisla skjala sé tryggð. Rafræn skjöl afhent safninu skulu vera í lokuðu rými sem er aðgangsstýrt og ekki í tengslum við opið net. Þjóðskjalasafn gefur út leiðbeiningar um skjalageymslur,
 - d. safnið skal hafa opinn lestrarsal fyrir gesti með reglulegum auglýstum afgreiðslutíma sem er opinn a.m.k. þrjá daga í viku í að lágmarki 10 klst. samtals,
 - e. aðgengi að húsnæði safnsins skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
5. Öryggismál héraðsskjalasafns skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- a. Safnið skal hafa öryggiskerfi í lagi, þ.e. viðvörðunarkerfi vegna bruna, innbrota og raka. Staðfesting á virkni öryggiskerfa skal skilað til Þjóðskjalasafns Íslands þegar þess er óskað,
 - b. safnið skal hafa eftirlit með ljósmagni, hitastigi og rakastigi í húsakynnum sínum, og skulu mælingar skráðar reglulega og upplýsingum um þær skilað til Þjóðskjalasafns Íslands þegar þess er óskað,
 - c. safnið skal hafa neyðaráætlun fyrir starfsfólk, gesti og safnkost og skila afriti af henni til Þjóðskjalasafns Íslands þegar þess er óskað,
 - d. á lestrarsal safnsins skal jafnan vera starfsmaður til að gæta að öryggi og varðveislu skjala sem gestir hafa til notkunar.
6. Héraðsskjalasafn skal halda afhendingarskrá og skrá í hana jafnóðum og skjöl berast. Í afhendingarskrá skal skrá upplýsingar um afhendingaraðila, dagsetningu afhendingar, umfang, heiti skjalamyndara, tímabil sem afhendingin nær yfir og skjalaflokka afhendingar í samræmi við reglur þar að lútandi sem settar eru á grundvelli laga.
7. Frágangur og skráning pappírsskjala í héraðsskjalasafni skal að lágmarki uppfylla reglur sem settar eru þar að lútandi á grundvelli laga.
8. Héraðsskjalasafn skal hafa yfir að ráða búnaði (vél- og hugbúnaði) og sérfræðipækkingu til viðtöku og vörslu rafrænna gagna sem tryggja að viðtaka og varðveisla rafrænna gagna uppfylli reglur þar að lútandi sem settar eru á grundvelli laga.
9. Héraðsskjalasafn skal hafa eftirlit með skjalavörslu þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir um skjöl sín og önnur gögn til þess.
10. Skjalaskrár héraðsskjalasafns skulu vera aðgengilegar almenningi, svo sem á vef, eins og við á að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Héraðsskjalasafn skal halda úti vef með upplýsingum um starfsemi safnsins og safnkost.

4. gr.

Umdæmi héraðsskjalasafns.

Héraðsskjalasafn, sem fengið hefur leyfi til starfsemi sinnar, starfar innan marka þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem reka safnið samkvæmt útgefnu rekstrarleyfi.

5. gr.

Héraðsskjalavörður.

Stjórn héraðsskjalasafns, sveitarstjórn eða byggðasamlag eftir því sem við á ræður forstöðumann héraðsskjalasafns, héraðsskjalavörð. Hann skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Héraðsskjalavörður stjórnar starfsemi og rekstri héraðsskjalasafns.

6. gr.

Afturköllun rekstrarleyfis.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem voru forsenda fyrir rekstrarleyfi safnsins skal Þjóðskjalasafn Íslands vekja athygli hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða byggðasamlags á því sem aflaga er talið fara og óska úrbóta fyrir ákveðinn tíma. Sé ítrekaðri viðvörðun ekki sinnt skal Þjóðskjalasafn afturkalla rekstrarleyfi viðkomandi héraðsskjalasafns og láta flytja safngögnin úr því í Þjóðskjalasafn Íslands á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélags eða byggðasamlags.

7. gr.

Styrkur

Héraðsskjalasafn skal njóta styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

8. gr.

Hlutverk héraðsskjalasafns

Hlutverk héraðsskjalasafns, sbr. 13. gr. um opinber skjalasöfn er m.a. að:

1. taka við og heimta inn skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum sem hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir stjórnarsýslu eða hagsmuni og réttindi borgaranna eða hafa sögulegt gildi,
2. hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skráum og upplýsingum um þau fyrir þá sem nota vilja safnið og skapa þeim aðstöðu til þess, þ.m.t. til vísindalegra rannsókna og fræðiiðkana,
3. leiðbeina um notkun skjala í vörslu safnsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim eins og kostur er,
4. hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum um opinber skjalasöfn, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og á reglum sem settar eru skv. 8. gr. laga um opinber skjalasöfn; afhendingarskyldir aðilar skulu veita aðgang að starfsstöðvum sínum vegna athugana í þágu eftirlits héraðsskjalasafns,
5. gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti héraðsskjalasafns, sbr. 1. tölul., eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma,
6. leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist.

Um hlutverk héraðsskjalasafns vísast að öðru leyti til laga um opinber skjalasöfn.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þess er sett á grundvelli 3. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Þær taka gildi dd.mm.áááá. Reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 fellur úr gildi frá sama tíma.

Sveitarfélögum og byggðasamlögum er heimilt að reka héraðsskjalasafn, sem þegar er í rekstri við gildistöku þessarar reglugerðar, án þess að hafa fengið útgefið rekstrarleyfi í allt að þrjú ár sbr. bráðabirgðaákvæði laga um opinber skjalasöfn.

Nýtt héraðsskjalasafn sem stofnað verður til eftir gildistöku þessarar reglugerðar skal uppfylla rekstrarskilyrði að fullu.

Greinargerð með tillögu að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns*Inngangur*

Reglugerð um héraðsskjalasöfn, nr. 283/1994, var sett á grundvelli laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985. Með lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, féllu lögin um Þjóðskjalasafn úr gildi og þar með var lagagrunnur eldri reglugerðar horfinn, enda kveðið á um það í lögnum um opinber skjalasöfn (5. mgr. 9. gr.) að ráðherra skyldi setja nánari ákvæði um héraðsskjalasöfn í reglugerð.

Við gerð þessarar tillögu að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns hefur verið byggt á ákvæðum laga um opinber skjalasöfn og ákvæðum eldri reglugerðar um héraðsskjalasöfn. Opinbert skjalasafn hefur skv. ákvæðum laga um slík söfn svipaðar skyldur (að tryggja myndun, varðveislu, örugga meðferð, aðgengi og rannsóknir) og viðurkennd söfn skv. ákvæðum safnalaga nr. 141/2011 (um varðveislu, að tryggja að menningar- og náttúruarfi Íslands verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, um aðgengi og rannsóknir). Því hefur einnig verið byggt á ákvæðum reglugerðar nr. 900/2013 um viðurkenningu safna, sem sett var á grundvelli safnalaga, enda talið eðlilegt að svipaðar kröfur gildi um starfsumhverfi opinbers skjalasafns og safns sem eru viðurkennt skv. safnalögum. Loks er vísað til ákvæða annara laga eftir því sem talið er eiga við um einstök atriði.

Meðfylgjandi er nánari umfjöllum og skýringar við hverja grein tillög til reglugerðar fyrir sig.

*Um 1. gr.**Gildissvið.*

Héraðsskjalasafn er sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2014. Opinbert skjalasafn er skilgreint í 2. gr. sömu laga og teljast opinber skjalasöfn vera Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn sem starfa í samræmi við rekstrarleyfi. Þessi reglugerð nær yfir rekstur héraðsskjalasafns.

*Um 2. gr.**Rekstrarleyfi.*

Um leyfi til reksturs héraðsskjalasafns er fjallað um í 11. gr. laga um opinber skjalasöfn. Í 1. mgr. segir m.a.: „Sveitarstjórn getur sótt um leyfi til Þjóðskjalasafns Íslands til reksturs héraðsskjalasafns til að varðveita skjöl sveitarfélagsins og sinna því hlutverki sem fram kemur í 13. gr. um hlutverk opinberra skjalasafna. Sveitarfélög geta myndað byggðasamlag um rekstur héraðsskjalasafns í samræmi við IX. kafla sveitarstjórnarlaga.“ Í IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um samvinnu sveitarfélaga og samningu um starfrækslu verkefna.

Þjóðskjalasafn Íslands mun útbúa eyðublað fyrir umsókn um rekstrarleyfi sem byggir á þessari reglugerð.

Einungis sveitarstjórnnum og byggðasamlögum sem fengið hafa leyfi til reksturs héraðsskjalasafns er heimilt að reka slíkt safn, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Í því felst að liggi ekki fyrir rekstrarleyfi skv. þessari reglugerð er ekki heimilt að reka slíkt safn. Af því leiðir einnig að sveitarfélög sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni skulu afhenda Þjóðskjalasafni Íslands skjöl sín skv. 4. mgr. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn. Þjóðskjalasafn skal skv. 4. tölul. 8. gr. laga um opinber skjalasöfn gera tillögu til ráðherra um að veita skuli sveitarstjórn eða byggðasamlagi leyfi til að koma á fót héraðsskjalasafni. Þjóðskjalasafn hefur jafnframt það hlutverk að gefa út rekstrarleyfi til handa slíku safni að fengnu samþykki ráðherra samkvæmt sömu grein laganna.

Tiltekið er í greininni að rekstur héraðsskjalasafns sé á ábyrgð þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem að því standa, en sama orðalag er að finna í 1. mgr. 9. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Í 2. mgr. reglugerðarinnar er kveðið á um að umsókn um leyfi til reksturs héraðsskjalasafns skuli afgreidd innan þriggja mánaða frá því að öll gögn hafa verið lögð fram, en í 3. gr. er fjallað um skilyrði rekstrarleyfis. Gert er ráð fyrir að drög að samþykkt fyrir héraðsskjalasafn fylgi með umsókn, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Um 3. gr.

Skilyrði rekstrarleyfis.

Samkvæmt 4. tölul. 8. gr. laga um opinber skjalasöfn á Þjóðskjalasafn að gera tillögu til ráðherra um að veita skuli sveitarstjórn eða byggðasamlagi leyfi til að koma á fót héraðsskjalasafni. Til þess að Þjóðskjalasafn geti gert slíka tillögu þarf fyrirhugað safn að uppfylla tiltekin skilyrði til að tryggja að rekstur þess sé í samræmi við lög um opinber skjalasöfn og reglugerð þessa. Í greininni eru skilyrði sem héraðsskjalasafn þarf að uppfylla til þess að fá rekstrarleyfi. Skilyrðin sem sett eru fram í reglugerðinni taka m.a. mið af ákvæðum laga um opinber skjalasöfn, núgildandi reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og loks reglugerðar nr. 900/2013 um viðurkenningu safna, en telja verður eðlilegt að svipaðar kröfur gildi um starfsumhverfi skjalasafns og safns sem er viðurkennt skv. safnalögum.

1. Í fyrsta tölulið er kveðið á um að fjárhagsgrundvöllur fyrir starfsemi héraðsskjalasafns skuli vera tryggður svo það geti sinnt starfsemi og hlutverki opinbers skjalasafns eins það er skilgreint í 13. gr. laga um opinber skjalasöfn. Þar segir:

„Hlutverk opinberra skjalasafna er m.a. að:

- 1. taka við og heimta inn skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum sem hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir stjórnarsýslu eða hagsmuni og réttindi borgaranna eða hafa sögulegt gildi,*
- 2. hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skráum og upplýsingum um þau fyrir þá sem nota vilja safnið og skapa þeim aðstöðu til þess, þ.m.t. til vísindalegra rannsókna og fræðiiðkana,*
- 3. leiðbeina um notkun skjala í vörslu safnsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim eins og kostur er,*
- 4. hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum þessum, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og á reglum sem settar eru skv.*

8. gr.; afhendingarskyldir aðilar skulu veita aðgang að starfsstöðvum sínum vegna athugana í þágu eftirlits opinberra skjalasafna,

5. gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti skjalasafna, sbr. 1. tölul., eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma,

6. leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist.“

Sambærilegt ákvæði um að fjárhagsgrundvöllur skuli tryggður er að finna í 1. tölul. 4. gr. um viðurkenningu safna.

2. Í öðrum tölulið er kveðið á um að héraðsskjalasafn skuli hafa sjálfstæðan fjárhag sem skal vera aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Þetta ákvæði er sambærilegt ákvæði í 2. tölul. 4. gr. reglugerðar um viðurkenningu safna. Til að tryggja sjálfstæðan rekstur héraðsskjalasafns er mikilvægt að fjárhagur safns sé aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Þá er í töluliðnum kveðið á um að reikningar héraðsskjalasafns skuli áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Jafnframt skal héraðsskjalasafn senda árlega skýrslu um starfsemi sína til Þjóðskjalasafns, en um það er jafnframt kveðið í 2. mgr. 12. gr. laga um opinber skjalasöfn. Sambærilegt ákvæði um skil á skýrslu er í 9. gr. núgildandi reglugerðar um héraðsskjalasöfn. Þjóðskjalasafn mun gefa út leiðbeiningar um innihald skýrslunnar.
3. Í þriðja tölulið er lýst skilyrði um að héraðsskjalasafn skuli starfa eftir samþykkt sem Þjóðskjalasafn hefur staðfest. Í samþykkt skal m.a. tilgreina hvernig stjórn safnsins er skipuð, skipulag og hlutverk héraðsskjalasafns og starfsvæði þess. Þá þarf að vera í samþykkt ákvæði um hvernig komið verður til móts við ákvæði laga um opinber skjalasöfn við möguleg lok starfsemi héraðsskjalasafns og ráðstöfun safngagna. Þar ætti m.a. að koma fram hvernig skuli standa að flutningi safngagna í Þjóðskjalasafn, sbr. 2. og 3. mgr. 10. gr. laga um opinber skjalasöfn. Þá þarf að koma fram í samþykktinni hvernig skuli ráðstafa öðrum eignum héraðsskjalasafns. Um slit byggðasamlags um héraðsskjalasafn fer eftir ákvæðum 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sé rekið byggðasamlag um héraðsskjalasafn fer eftir ákvæðum 3. mgr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga um byggðasamlög. Þar segir:

„Í samningi um byggðasamlag skulu m.a. vera ákvæði um:

- 1. heiti byggðasamlags, eignarhluti einstakra sveitarfélaga í byggðasamlaginu, hvaða verkefnum það sinnir og valdheimildir,*
- 2. kjör til stjórnar, fjölda stjórnarmanna, kjörtímabil og varafulltrúa,*
- 3. ályktunarhæfi funda og annað sem máli skiptir í því sambandi,*
- 4. umboð stjórnar til að skuldbinda aðildarsveitarfélög,*
- 5. hvenær þörf er staðfestingar sveitarstjórna á ákvörðunum stjórnar,*
- 6. heimildir til samninga við einkaaðila, sbr. 100. gr.,*
- 7. heimildir til samninga við einstök aðildarsveitarfélög um að þau taki að sér afmarkaða þætti í þeirri starfsemi sem falin hefur verið byggðasamlagi,*

8. *úrgöngu úr byggðasamlagi, þar á meðal um uppgjör aðildarsveitarfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og rétt til innlausnar á eignarhlutum.*“

Samþykkt héraðsskjalasafns skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda eftir að staðfesting Þjóðskjalasafns liggur fyrir. Þá er kveðið á um að leita skuli eftir staðfestingu Þjóðskjalasafns í hvert skipti sem breytingar eru gerðar á samþykkt. Er það til að Þjóðskjalasafn geti rækt eftirlitshlutverk sitt með héraðsskjalasöfnum sem kveðið er á um í 12. gr. laga um opinber skjalasöfn. Þjóðskjalasafn mun gefa út leiðbeiningar um innihald samþykktar héraðsskjalasafns.

4. Í fjórða tölulið eru taldar upp kröfur sem gerðar eru til húsnæðis héraðsskjalasafns.
 - a. Héraðsskjalasafn skal hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti. Í lögum og reglugerð um hollustuhætti þarf starfsleyfi fyrir starfsemi samkomuhúsa og samkvæmt starfsleyfisskilyrðum fyrir samkomuhús eru söfn skilgreind sem slík, og má reikna með að héraðsskjalasafn sé jafnframt skilgreint á þann hátt m.a. með vísan til skilyrðis um að skjalasafn bjóði upp á opinn lestrarsal. Sótt er um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar (heilbrigðiseftirlit á hverju svæði). Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi skv. lögum og reglugerðum um hollustuhætti og sjá um eftirlit með að ákvæðum þeirra sé framfylgt. Þjóðskjalasafn áskilur sér rétt til að óska eftir afriti af starfsleyfi. Þetta ákvæði um starfsleyfi er sambærilegt og ákvæði í reglugerð 4A tölul. 4. gr. reglugerðar um viðurkenningu safna.
Sýnileiki kvenna í tónlist í Færeyjum og á Grænlandi er mjög lítill og brýn þörf er á valdeflandi tómstundastarfi fyrir stelpur og trans krakka. Eitt stærsta verkefni samtakanna í ár var að styðja þarlendrar tónlistarkonur til að halda rokkbúðir í Þórshöfn og í Nuuk.

Við nutum aðstoðar Þórunnar Sigurðardóttur verkefnastýru, við skipulagningu verkefnisins, og fjárstuðnings frá Nordisk Kulturfonden, Höfuðborgarsjóði og ferðasjóði NATA, auk aðstoðar frá Norðurlandahúsunum í Nuuk og Færeyjum. Alls fóru 7 sjálfboðaliðar frá Stelpur rokka! út til að taka þátt í rokkbúðunum en starfskonur frá löndunum þremur hittust í Reykjavík á skipulagsfundi og treystu samstarfsböndin.



FÆREYJA- BÚÐIR



Rokkbúðirnar í Færeyjum voru haldnar í lok júní í Færeyjum í samstarfi við færeyskar tónlistarkonur. Sextán stelpur tóku þátt í búðunum og mynduðu 4 hljómsveitir. Rokkbúðunum var rosalega vel tekið í Færeyjum var mikið fjallað um þær í færeyskum fjölmiðlum. Lokatónleikarnir voru haldnir í mjög flottum sal í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn og voru þeir sérstaklega vel sóttir.



Noestu sknef í Føreyjum og á Grønlandi

Stelpur rokka! munu áfram leggja áherslu á að efla samstarfið við konur í Færeyjum og á Grænlandi og styðja rokkbúðir á báðum stöðum. Tveir fulltrúar færeysku rokkbúðanna munu fara á ráðstefnu Rokkbúðabandalagsins í mars næstkomandi og munu halda aðrar rokkbúðir í Færeyjum sumarið 2017. Við erum einnig að aðstoða við undirbúning áframhaldandi rokkverkefna á Grænlandi á næsta ári.



Ljósmyndir: Alda Lóa Leifsdóttir

TÓGÓ HLJÓÐFÆRASÖFNUN



Rokkbúðirnar í Tógó í Vestur Afríku voru stórkostlega magnað ævintýri sem við erum gífurlega stoltar af að hafa fengið að styðja, ásamt samtökunum Sól í Tógó. Samtökin tvö fengu styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að styðja tógóískar tónlistarkonur í að skipuleggja og framkvæma rokkbúðir í Tógó.



Hljóðfærasöfnun



Samtökin stóðu fyrir hljóðfærasöfnun á Íslandi og fjöldi fólks gaf hljóðfæri sem voru síðar send með gámi til Tógó. Fulltrúi frá Stelpur rokka! var gestur í rokkbúðunum og aðstoðaði sjálfboðaliða við hljóðfæraflutning og uppsetningu, ásamt fulltrúum frá Sól í Tógó. Það var einstök ánægja að sjá hljóðfærin í höndum rokkstelpna í fjallabænum Kpalimé.

Við viljum sérstaklega þakka öllum þeim sem gáfu hljóðfæri í söfnunina. Við viljum einnig þakka Icelandair, Pökkun og flutningum, Tónastöðinni og Hljóðfærahúsinu fyrir ómetanlega aðstoð við hljóðfæraflutning til Tógó, og Utanríkisráðuneytinu fyrir að styrkja rokkbúðirnar.

Rokkbúðirnar í Tógó





Rokkbúðirnar voru haldnar dagana 16.-20. ágúst. Þrjátíu táningsstelpur gistu í rokkbúðunum og spiluðu saman í fjóra daga. Það myndaðist einstaklega innileg og falleg stemning í búðunum og stelpurnar rokkðu stíft allan daginn. Fæstar höfðu haft tækifæri til að spila á hljóðfæri áður. Á kvöldin var sungið og dansað við varðeldinn og sögur sagðar.



Hópur tógóískra tónlistarkvenna sá um að skipuleggja og framkvæma rokkbúðirnar. Þær skipuleggja nú vetrarstarf í Lomé og munu einnig halda gistirokkbúðir næsta sumar. Stelpur rokka! munu halda áfram að styðja við tógóísku rokkbúðirnar ásamt Sól í Tógó og stefnan er að bjóða tógóískum tónlistarkonum til Íslands í sjálfboðaliðaskipti.



SJÁLFBODALIÐASKIPTI



Við tókum þátt í frábæru sjálfboðaliðaskiptaverkefni með norsku rokkbúðunum LOUD! Þrír sjálfboðaliðar Stelpur rokka!, þær Rósa María, Dana Rún og María fóru út og störfuðu í norsku gistirokkbúðunum fyrir 10 til 16 ára. Þær komu heim með fullar töskur af hugmyndum og innblæstri fyrir starfið hér heima. Við fengum svo þrjá sjálfboðaliða frá Noregi, þær Vilde, Julie og Idu í 13 til 16 ára rokkbúðirnar. Þær kenndu á trommur, héldu vinnusmiðju í femínískri sjálfsvörn, raftónlistarsmiðju og sáu um hljóðið á lokatónleikunum okkar. Julie og Ida komu svo aftur til Íslands í nóvember og spiluðu og störfuðu með okkur í Airwaves vikunni að ýmsum viðburðum.

GRCA Europe

Stelpur rokka! eru hluti af Evrópuneti rokkbúðabandalagsins en í Evrópu eru yfir 10 rokkbúðir starfandi. Stelpur rokka! hafa tekið virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd tveggja Evrópuráðstefna á síðustu árum. Ánæstaáriætluð að efla sjálfboðaliðaskiptin okkar til muna og fá í heimsókn sjálfboðaliða bæði frá Noregi og frá Svíþjóð. Það gefur starfinu ótrúlegan kraft að vera í virku samstarfi við aðrar rokkbúðir í Evrópu og fá góða gesti í heimsókn.

HAUSTVERKEFNI



Rokkhátíð

Þann 28. ágúst var Rokkhátíð æskunnar haldin í fyrsta sinn á KEX, en hátíðin var samvinnuverkefni Stelpur rokka! og Heimilislegra sunnudaga. Dagskrá hátíðarinnar samanstóð af lifandi tónlistaratriðum í bland við gagnvirka fræðslu og vinnusmiðjur þar sem þátttakendur fengu að fíkta í hljóðfærum sem búin eru til úr ávöxtum, smíða sinn eigin míkrofón, gera barmmerki, grúska í raftónlist og fleira.

Meðal þeirra tónlistarfólks sem fram komu voru Hildur Kristín, RuGI, Meistarar Dauðans, Hasar Basar, Hush Hush og fleiri, en síðast nefndu sveitirnar tvær urðu einmitt til í 13 til 16 ára rokkbúðunum í sumar. Stemningin var frábær og við þökkum kærlega fyrir góða þátttöku.



Smíðjun í september

Stelpur rokka! voru með haustsmíðjur fyrir 10 til 12 ára og 13 til 16 ára í september síðastliðnum í samstarfi við góða vini. Tónlistarkonan Kira Kira leiddi þátttakendur í gegnum leyndardóma raftónlistarinnar, Reykjavíkurdætur kenndu flæði í rappi og plötusnúðarnir Silja Glömmi og Sunna Ben kenndu grunntökin í skífuþeytingum. Smíðjurnar okkar eru vinsæl helgarnámskeið á haustin þar sem við köfum dýpra í ýmsar hliðar tónlistarinnar.



ICELAND AIRWAVES



Off venue á Iceland Airwaves

Stelpur Rokka! voru með frábæra Iceland Airwaves Music Festival off venue dagskrá miðvikudaginn 2. nóvember á LOFT Hostel. Fram komu bönd sem koma að samtökunum á einhvern hátt eða styðja starfið okkar, og allir flytjendur voru konur, trans fólk og/eða kynsegin einstaklingar.


Á meðal hljómsveita sem komu fram voru t.d. Kyrrð sem var stofnuð í rokkbúðunum sumarið 2015 og hefur aldeilis slegið í gegn síðan þá. Meðlimir hljómsveitarinnar RuGI eru líka fyrrum rokkbúðarþátttakendur og eru búnar að vekja mikla athygli fyrir frábæra músík. Það var gríðarlega vel mætt á þessa tónleikaveislu og áhorfendahópurinn var mjög fjölbreyttur, frá þrjónandi ömmum til barnahópa af frístundaheimilunum. Tónleikarnir eru árlegur viðburður sem styður við tónlistargrassrótina í starfinu okkar.



Hljóðtækninámskeið fyrir konur

Í Airwaves vikunni stóðum við einnig fyrir hljóðtækninámskeiði fyrir konur, trans fólk og kynsegin einstaklinga. Hljóðtækninámskeiðið var haldið í samstarfi við Kítón- samtök kvenna í tónlist og Exton, sem útvegaði græjur og aðstöðu. Þátttakendur lærðu hvernig á að stilla upp hljóðbúnaði fyrir tónleika og sjá um hljóð á tónleikum. Námskeiðið var liður í því að bjóða þátttakendum á öllum aldri upp á námskeið um tæknilegar hliðar tónlistarstarfs, en það er mikil eftirspurn eftir og vöntun á hljóðkonum á Íslandi.

STUÐNINGUR VIÐ STARFIÐ




Styðja starfið

Það er hægt að styðja starfið okkar á ýmsan hátt!

Öllum konum, trans fólki og kynsegin einstaklingum, átján ára og eldri, er velkomið að vera sjálfbóðaliðar hjá okkur en hópinn skipa nú yfir 60 manns. Flestar hafa bakgrunn í tónlist og reynslu af starfi með ungu fólki en það er þó ekki nauðsynlegt til að gerast sjálfbóðaliði. Það eina sem þarf er brennandi áhugi á starfinu og grunngildum okkar, og vilji til að vera góð fyrirmynd sem þátttakendurnir okkar spegla sig í.

Það er líka hægt að styðja okkur með því að fylgjast vel með okkur á samfélagsmiðlum. Stelpur rokka! eru á Facebook, Instagram, Tumblr, Twitter og Snapchat. Við erum líka með póstlista og heimasíðuna stelpurrokka.org

Við tökum einnig á móti frjálsum framlögum og hljóðfærum sem fólk hefur áhuga á að láta í hendur ungra rokka!



Stuðningsaðilan

Stelpur rokka! vilja þakka kærlega öllum þeim fjölmörgu stuðnings - og samstarfsaðilum sem hjálpuðu okkur að vinna að verkefnum ársins;

Reykjavíkurborg, Velferðarráðuneytið, Barnavinafélagið Sumargjöf, Uppbyggingarsjóður Suðurnesja, Bandaríska sendiráðið, Nordisk Kulturfonden, Höfuðborgarsjóður, NATA ferðasjóður, Utanríkisráðuneytið, Uppbyggingarsjóður Norðurlands, Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra, Menningarsjóður Akureyrar.


Alda Lóa Leifsdóttir, Bílaleigan, Borgarbókasöfn, Dominos, Druslugangan, Exton, Fernando's Pizza, Gló, Guitar Center Sacramento, Hamborgarabúlla Tómasar, Hamborgarafabrikkan, Herz Bílaleiga, Hitt húsið, Hljóðfærahúsið, Icelandair, Jónína Björg Magnúsdóttir, Kex hostel, Kína Panda, KÍTÓN, Lemon, Karolina Fund, Loft hostel, Menningarhúsið Rósenborg, Miðberg, Nexus, Norðurlandahúsin í Nuuk og Þórshöfn, Nýsköpunarmiðstöð, Pökkun og flutningar, Samtökin 78, Sól í Tógó, Sporthúsið, Sundlaugin, upptökuver, Tabú, Thai Keflavík, TM, Tónabær, Tónastöðin, Tónklasinn, Tónskóli Sigursveins, Trans Ísland, TPM, Verkfræðistofan Tröð, Virkjun Mannauðs, Þórunn Sigurðardóttir og öll þau sem lánuðu og gáfu hljóðfæri til rokkbúðanna á árinu.

Sérstakar þakkir til allra þeirra sem gáfu rausnarlegar hljóðfæragjafir í söfnuninni fyrir rokkbúðirnar í Tógó og einnig þeirra sem studdu Karolina Fund söfnunina okkar til styrktar Karioka Rock Camp í Póllandi.

NÆSTU SKREF HJÁ STELPUR ROKKA!

Á næsta ári hyggjumst við halda áfram að efla tengslin við samstarfssamtök og hópa innanlands sem utan sem beita sér fyrir jafnrétti allra í samfélaginu, og sýna stuðning okkar og samstöðu betur í verki. Við leitum til réttindabaráttu samtaka og mótmælahreyfinga á borð við No Borders, Carny protest, Black Lives Matter, Tabú, Trans Íslands, Druslugöngunnar og margra annarra hópa til að fá innblástur og hvatningu til góðra verka.

Við viljum efla fjölbreytnina innan samtakanna, styrkja gildin okkar og styðja betur við þau ungmenni sem mest þurfa á stuðningi að halda.





Við þökkum nokkbúða-þátttakendum,
fönlendum, samstarfsaðilum og
velunnurum hvernlega fyrir frábært
starfsár og óskum ykkur gleðilegs nýs
árs, uppfyllu af gleði, valdeflingu
og hávaða!





Reykjavík, 15. mars, 2017

Erindi til Reykjavíkurborgar

Félagasamtökin Stelpur rokka! óska eftir að endurnýja þjónustusamning við Reykjavíkurborg til 3 ára. Framlag Reykjavíkurborgar nam 2,5 milljónum árlega, eða samtals 7,5 milljónum á árunum 2015 til 2017.

Framlag Reykjavíkurborgar 2015-2017

Í Þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Stelpur rokka! árin 2015 til 2017 var kveðið á um eftirtalin markmið:

Fjölgun þátttakenda í rokkbúðunum jafnt og þétt í 150 þátttakendur árið 2017. Stelpur rokka! tóku á móti 150 þátttakendum í rokkbúðir og rokksmiðjur árið 2016. Áætlað er að þátttakendur í rokkbúðum og rokksmiðjum árið 2017 verði einnig 150 talsins.

Samstarf við Reykjavíkurborg við að efla þátttöku ungra kvenna í Músíktíraunum. Við höfum hvatt fjölmargar ungar sveitir til að taka þátt í Músíktíraunum og höfum einnig boðið ungum sveitum að spila á viðburðum á okkar vegum; Rokkhátíð Æskunnar, Off Venue Airwaves og 5 ára afmælishátíð samtakanna. Við stöndum einnig fyrir rokkrúllettu, stuðningsverkefni fyrir ungar hljómsveitir, vorið 2017. Það er mikið gleðiefni að metfjöldi ungra kvenna tók þátt í Músíktíraununum árið 2016 og vonandi verður fjöldinn enn meiri árið 2017.

Rokkbúðir yfir vetrarmánuðina. Við höfum verið með margvíslega vetrardagskrá á árunum 2015 til 2017. Við höldum vetrarrokkbúðir í Breiðholti, rokksmiðjur fyrir 10 til 12 ára og 13 til 16 ára, hljóðtækninámskeið fyrir konur og veturinn 2017 bjóðum við upp á einkatíma á hljóðfæri og í söng, ásamt rokkrúllettu.

Bætt aðgengi að rými fyrir starfsemina. Það er grundvallarstefna samtakanna að allir viðburðir fari fram í aðgengilegu rými. Við höfum undanfarið ár haldið rokkbúðirnar í húsnæði Tónskóla Sigursveins í Breiðholti, til að ná betur til efnaminni ungmenna og ungmenna af erlendum uppruna. Við erum með skrifstofurými hjá Nýsköpunarmiðstöð, í Tónlistarklasanum við Hlemm.

Bætt aðgengi stelpna í minnihluta að valdeflandi tómstundastarfi. Við höfum þýtt heimasíðuna á

nokkur erlend tungumál og stundað markvisst kynningarátak til efnaminni þátttakenda, LGBT þátttakenda og þátttakenda af erlendum uppruna í samstarfi við aðrar stofnanir, samtök og baráttuhópa. Við höfum einnig unnið að því að auka breiddina í sjálfbóðaliðahóp samtakanna og kynnt stefnu okkar um valfrjáls þátttökugjöld á fjölmörgum viðburðum.

Við sinntum þessum verkefnum til viðbótar við almennan rekstur búðanna, þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, stuðning við rannsókn Hildar Þóru Sigurðardóttur á kynjaskiptu tómstundarstarfi, fjölmarga samstarfsviðburði, rokkbúðir á Akureyri, fagþjálfun fyrir sjálfbóðaliðana okkar og fleiri verkefni.¹

Framlag Reykjavíkurborgar 2018-2020 og Framtíðaráætlanir Stelpur rokka!

Eftirfarandi eru markmið Stelpur rokka! starfsárin 2018-2020, með stuðningi Reykjavíkurborgar:

Ráða starfskonu til starfa í hlutastarfi. Stelpur rokka! hafa starfað síðastliðin 5 ár án þess að hafa starfskonu á launaskrá. Til að geta tryggt vöxt og áframhaldandi umsvif samtakanna sjáum við fram á að ráða starfskonu til starfa í 50 prósent starfshlutfall. Áætlaður kostnaður við laun starfskonu er um 3,5 milljónir árlega.

Þjóða 250 þátttakendum í rokkbúðir og rokksmiðjur árið 2020. Á hverju sumri myndast langir biðlistar eru í rokkbúðir og samtökin hafa hingað til ekki haft fjárhagslegt svigrúm til að bæta við rokkbúðum eða rokksmiðjum. Áætlaður kostnaður við að bæta við 100 þátttakendum í rokkbúðir og rokksmiðjur yfir þriggja ára tímabil er um 800.000 krónur árlega.

Halda fleiri stuttar rokksmiðjur og fræðsluviðburði. Við önnum ekki eftirspurn eftir styttri rokksmiðjum og námskeiðum á okkar vegum til skóla, félagsmiðstöðva og annarra stofnanna. Við höfum útbúið fjölda styttri smiðja en höfum ekki haft fjárhagslegt svigrúm til að framkvæma smiðjurnar. Við fáum einnig reglulega beiðnir um fræðsluerindi um skapandi réttlætisstarf frá öðrum stofnunum, hópum og samtökum. Með auknu fjármagni getum við miðlað fagþekkingu okkar af auknum krafti til fjölbreyttra hópa. Áætlaður kostnaður við styttri rokksmiðjur og fræðsluviðburði er um 200.000 krónur árlega.

¹ Nánari útlistun á nýtingu fjármagnsins árið 2015-2016 má sjá í meðfylgjandi glærुकynningu sem haldin var annars vegar fyrir borgarfulltrúa og hins vegar fyrir stjórnendur ÍTR í maí 2016.

Við viljum líka styðja enn betur við ungar hljómsveitir. Við höfum hug á að leigja æfingarymi árið um kring til að styðja betur við hljómsveitirnar sem verða til í rokkbúðunum. Áætlaður kostnaður vegna æfingarymis er um 300.000 krónur árlega.

Styðja betur við ungmenni í minnihluta. Við hyggjumst halda áfram kynningarstarfi okkar til ungmenna í minnihluta á næstu þremur árum. Áætlaður kostnaður við kynningarherferðina er um 200.000 krónur árlega.

Stelpur rokka! óska eftir fjárframlagi frá Reykjavíkurborg sem nemur 5 milljónum árlega, eða 15 milljónum alls á árunum 2018 til 2020.

Við höfum sýnt í verki að rekum verkefni okkar fyrir mjög hóflegt rekstrarfjármagn. Við stöndum nú hinsvegar frammi fyrir því að þurfa aukið fjármagn til að tryggja sjálfbærni samtakanna og festa rekstur þeirra í sessi. Við teljum starfsemi okkar vel standast samanburð við annað tómsundarstarf í borginni. Árangur okkar má glögg sjá í aukinni í samfélaginu um kynjahalla í tónlistarlífinu. Stuðningur Reykjavíkurborgar mun skipta sköpum við að breiða út boðskap okkar og víkka út starfsemi samtakanna til muna. Við viljum bjóða upp á nýja dagskrárliði, ná til breiðari aldurshóps og tryggja jafnara aðgengi allra stelpna og trans krakka á Íslandi að valdeflandi tómsundarstarfi.

Um Stelpur rokka!

Stelpur Rokka! eru sjálfbóðaliðarekin samtök sem efla ungar stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklinga í gegnum tónlistarstarf og jafnréttisfræðslu. Markmið samtakanna er að leiðrétta kynjahalla í íslensku tónlistarlífi, bjóða upp á aðgerðamiðaða jafnréttismenntun og vera leiðandi afl í jafnréttismiðuðu tómsundastarfi á Íslandi. Samtökin starfa ekki í hagnaðarskyni.

Tæplega 500 þátttakendur hafa samið og spilað tónlist í rokkbúðum og rokksmiðjum á vegum samtakanna frá stofnun þeirra árið 2012. Rokkbúðirnar eru kjarninn í starfi Stelpur rokka! Í rokkbúðunum læra þátttakendur á hljóðfæri, spila í hljómsveit og semja lag. Þeir taka þátt í vinnusmiðjum, vinna náíð með sjálfbóðaliðum, fá tónleikaheimsóknir frá virtum tónlistarkonum og flytja frumsamið lag á lokatónleikum fyrir framan fullan sal fjölskyldu og vina. Rokkbúðirnar eru

skipulagðar og framkvæmdar af sjálfboðaliðum Stelpur rokka! Sjálfboðaliðahópurinn er fjölmennur og hann skipa farsælar íslenskar tónlistarkonur, fagkonur í frítímaþjónustu og konur með reynslu af jafnréttisstarfi og starfi með ungmönnum.

Stelpur rokka! hafa byggt upp öflugt net samstarfsaðila og velunnara síðustu 5 ár og hafa notið víðtækrar viðurkenningar. Samtökin hlutu lesendaverðlaun Menningarverðlauna DV í netkosningu í mars 2016, en samtökin voru tilnefnd til Menningarverðlauna DV í tónlistarflokki. Samtökin hafa, auk framlags Reykjavíkurborgar, fengið styrki frá fjölda innlendra og erlendra menningar- og jafnréttissjóða; Hlaðvarpanum, menningasjóði kvenna, Kraumi tónlistarsjóði, Barnamenningarsjóði, Tónlistarsjóði, Borgarsjóði, Velferðarráðuneytinu, Nordisk Kultur Fonden, Höfuðborgarsjóði, Evrópu Unga fólksins, Kulturkontakt Nord, Bandaríska sendiráðinu, NATA ferðasjóði, Uppbyggingarsjóðum Suðurnesja og Norðurlands, Utanríkisráðuneytinu og Barnavinafélaginu Sumargjöf. Við njótum enn fremur stuðnings fjölmargra tónlistartengdra fyrirtækja, hópa, vina og velunnara sem styðja við framkvæmd rokkbúðanna á hverju ári.

Árangur starfseminnar hingað til má mæla á ýmsa vegu. Starfsemin hefur t.d ótvírætt stuðlað að aukinni meðvitund um skort á jafnrétti í íslensku tónlistarlífi. Samtökin hafa vakið mikla athygli í samfélaginu. Fjallað hefur verið um starfsemina og jafnréttisgildi okkar í öllum helstu fjölmiðlum landsins. Við höfum tekið þátt í fjölmörgum verkefnum, ráðstefnum og menningarviðburðum á borð við Barnamenningarhátíð, hátíðarhöld í tilefni 100 ára kosningarréttar kvenna, Breiðholt Festival, Stelpur filma!, Rokkhátíð æskunnar og fleiri viðburði þar sem við leggjum áherslu á að auka sýnileika stelpna, kvenna, trans og kynsegin einstaklinga í tónlist. Stelpur rokka! starfa með Iceland Airwaves árlega til að stuðla að auknum fjölda kvenkyns hljómsveita á *off venue* dagskrá hátíðarinnar.

Fleiri ungar kvennasveitir eru að stíga fram og ungar konur eru sífellt meira áberandi í tónlistarsköpun. Kvenkyns þátttakendur í Músíktíraunum hafa aldrei verið fleiri en á síðasta ári. Kvennasveitir eru mun meira áberandi á tónlistarhátíðum, verðlaunalistum og á viðburðum á borð við Ísland got talent, Upptaktinum, Drullumalli og fleiri ungmennaviðburðum, en áður.

Einn besta mælikvarða á árangur starfsins má finna í nafnlausri þátttökukönnun rokkbúðanna síðustu fimm árin. Að jafnaði segjast um 95 prósent þátttakenda vilja koma aftur í rokkbúðirnar og um 90 prósent þátttakenda segjast jafnframt hafa öðlast aukið sjálfstraust til að spila og semja tónlist. Niðurstöður þátttökukönnunarinnar eru svipaðar frá ári til árs, sem sýnir fram á mikilvægi

Þess að starfið haldi áfram í þeirri mynd sem það er nú. Hér má sjá niðurstöðu úr þátttökukönnunum gístirokkbúða fyrir 16 til 20 ára sumarið 2016 en spurt var hvort rokkbúðirnar hefðu staðist væntingar:

„Mig langaði að kynna nýju fólki og semja geggjað lag. Jamm rokkbúðirnar stóðu undir þeim væntingum.“

„Ég vonaðist til þess að hafa gaman og eignast vini og það stóðst algjörlega undir væntinum :)“

„I didn't know what to expect. Only that it was going to be fun, and it was.“

„Ég vildi koma hingað og skemmta mér við að spila á trommur og kynna nýju fólki. Í Stelpur Rokka fékk ég að spila á hljóðfæri og gleyma mér aðeins í tónlistinni í nokkra daga :)“

„Ég var að búast við miklu stuði og yndislegu fólki. Þetta var hellað þið eruð allar frábærar. Allar stelpurnar sem ég talaði við fannst þetta mjög gaman og við hefðu flestar vilja hafa búðirnar lengri (ég held samt að við séum allar fegnar að geta sofið í rúmum okkar í nótt).“

„Ég hafði enga hugmynd um hvað ég var að fara út í en þetta var miklu skemmtilegra en þær óljósu væntingar sem ég hafði.“

Tilvitnanir frá ánægðum foreldrum eru einnig einn besti mælikvarði á starfið sem vöð er á. Eftirfarandi tilvitnanir eru frá foreldrum þátttakenda í rokkbúðunum sumarið 2016:

„Mig langar bara að þakka ykkur kærlega fyrir rokkbúðirnar. Stelpurnar mínar voru alsælar með þetta! Tónleikarnir voru frábærir og alveg ótrúlegt hvað ykkur tókst að gera kenna þeim mikið á þessum stutta tíma.“

„Mig langar að þakka ykkur kærlega fyrir frábært starf. Dóttir mín var mjög ánægð eftir fyrsta daginn og svo urðu dagarnir bara skemmtilegri eftir því sem á leið, hún kom alltaf svo sæl og glöð heim. Frænkur hennar og vinkona komu svo á tónleikana og urðu mjög hrifnar. Þessar fjórar skvísur eru núna alveg ákveðnar í því að fara á námskeið hjá ykkur og halda áfram að rokka. Það er engin spurning þið eruð að gera góða hluti, takk aftur fyrir okkur þið eruð æði, áfram stelpur rokka!“

Markmið og gildi Stelpur rokka!

Meginmarkmið samtakanna er að bjóða upp á metnaðarfullt og vandað jafnréttis- og tónlistarstarf fyrir allar stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklinga á Íslandi. Gildin okkar miða fyrst og fremst að því að skapa jákvætt, styðjandi og hvetjandi andrúmsloft í rokkbúðunum. Við leggjum áherslu á sterkar kvenkyns fyrirmyndir, samstöðu og samhjálpu. Við styðjum þátttakendur til að láta sína eigin rödd heyrast, til að þora að taka áhættu og mistakast og til setja sig í nýjar og spennandi

aðstæður. Við leggjum mikla áherslu á félagslegt réttlæti í rokkbúðarýminu og í starfinu öllu. Við fjöllum mikið um forréttindi og fordóma og mikilvægi þess að brjóta á bak aftur hvers kyns staðalímyndir og styðja réttindabaráttu allra kúgaðra samfélagshópa. Það er okkur mjög mikilvægt að allir þátttakendur upplifi sig örugga í rokkbúðarýminu og að þeir þurfi ekki að óttast að verða dæmdir út frá kyngervi sínu eða öðrum eiginleikum eða verða fyrir takmarkandi gagnrýni.

Við vinnum eftir femínískri hugmyndafræði sem felur í sér meðvitund um að einstaklingar geti tilheyrt margvíslegum mismunandi jaðarhópum í samfélaginu. Við vitum að ekki stendur öllum stelpum jafnt til boða að stunda valdeflandi tómsundastarf. Við leggjum mikla áherslu á kynningarstarf til LGBT stelpna, efnaminni stelpna, fatlaðra stelpna og stelpna af erlendum uppruna, með það að markmiði að auka aðgengi allra stelpna og trans krakka á Íslandi að rokkbúðastarfinu. Rannsóknir sýna að þessir hópar stúlkna eru í minnihluta þeirra ungmenna sem stunda skipulagt tómsundastarf á Íslandi, m.a vegna skerts aðgengis að upplýsingum um starfið og skort á greiðslugetu.

Það er ennfremur okkar metnaður að tryggja að öllum stelpum, trans og kynsegin ungmennum standi til boða ókeypis eða mikið niðurgreitt tónlistarstarf í borginni. Við erum sannfærð um að starfið skili mestum árangri þegar það nýtist best þeim sem á mestum stuðningi þurfa að halda. Hornsteinninn í starfi okkar er stefnan um valfrjáls þátttökugjöld. Hver þátttakandi borgar þá upphæð sem hann hefur efni á og frí pláss eru í boði. Að jafnaði fær tæplega þriðjungur þátttakenda niðurgreidd og ókeypis pláss í rokkbúðirnar á hverju ári. Ekki er farið fram á neina staðfestingu á greiðslugetu heldur er hverjum og einum treyst til að meta sinn fjárhag. Þetta fyrirkomulag hefur reynst gríðarlega vel og það er okkar reynsla að frí pláss eru að nýtast þeim efnaminni þátttakendum sem mest þurfa á að halda. Stelpur rokka! eru, eftir því sem við best vitum, eina verkefnið á Íslandi sem gefur þátttakendum kost á ókeypis tónlistarstarfi. Við erum ennfremur samstarfsaðilar í rannsókn Auðar Viðarsdóttur á framboði á ókeypis tónlistarstarfi í Reykjavík. Rannsóknin er styrkt af Nýsköpunarsjóði Námsmanna og ÍTR er samstarfsaðili rannsóknarinnar. Við teljum mikilvægt að stuðla að rannsókn og umræðu um möguleika efnaminni ungmenna til að stunda tónlistarstarf í Reykjavík, sérstaklega í ljósi umræðu um sóknarfæri Reykjavíkurborgar sem alþjóðlega viðurkenndrar tónlistarborgar.

Mikilvægur hluti af kynningarstarfi samtakanna felst í samstarfi við önnur baráttusamtök héraendis. Stelpur rokka! starfa með samtökunum 78, Tabú, Trans Íslandi, Druslugöngunni og fleiri jafnréttissamtökum til að auka aðgengi ungmenna í minnihluta að starfinu, efla jafnréttismenntunina í rokkbúðunum og til að þróa og skerpa jafnréttisgildi samtakanna. Stelpur

rokka! eiga einnig í fjölbreyttu samstarfi við erlend rokkbúðasamtök. Við áttum frumkvæði að því að stofna, í samstarfi við þarlandar tónlistarkonur, rokkbúðir í Grænlandi og í Færeyjum. Við stuðluðum einnig, í samstarfi við samtökin Sól í Tógó, að stofnun og framkvæmd fyrstu rokkbúðanna í Vestur Afríku, í Tógó. Við eigum einnig í góðu samstarfi við samtökin Foundation for Positive Change í Póllandi sem reka þarlandar rokkbúðir og höfum m.a. staðið fyrir fjöldasöfnun á Íslandi til styrktar þeim. Við höfum tekið virkan þátt í uppbyggingu rokkbúðahreyfingarinnar á heimsvísu. Við höfum átt fulltrúa í stjórn Rokkbúðabandalagsins (e. Girls Rock Camp Alliance) síðastliðin 4 ár og tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd árlegrar rokkbúðaráðstefnu sem yfir 200 þátttakendur sækja árlega. Við höfum sent 2 til 6 sjálfboðaliða á ráðstefnu Rokkbúðabandalagsins á hverju ári síðan árið 2012. Þar er boðið upp á vandaða þjálfun í rokkbúðastarfi, með áherslu á réttlætismiðaða þjónustu við ungmenni. Við höfum sótt vinnusmiðjur um aðgengismál, um stuðning við ungmenni með sérþarfir, hvernig á að vinna gegn fordómum og rásma í rokkbúðarýminu, um mikilvægi tónlistarstarfs í fjöldahreyfingu gegn fasisma og fleira. Við höfum einnig tekið virkan þátt í Evrópuneti Rokkbúða og tekið þátt í skipulagningu og framkvæmd Evrópuráðstefnu rokkbúða í Svíþjóð 2013 og í Finnlandi 2015. Við höfum mikinn áhuga á að halda Evrópuráðstefnu Rokkbúðabandalagsins í Reykjavík árið 2018. Við höfum einnig sent sjálfboðaliða í sjálfboðaliðaskipti til Póllands, Noregs og Tógó.

Hugmyndafræði Stelpur rokka! samrýmist vel jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan leggur áherslu á jafna stöðu kynjanna í uppeldis og tómstundarstarfi sem og að veita ungu fólki hvatningu til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Starfsemin okkar fellur ennfremur vel að markmiðum skóla og frístundasviðs að vera framsækið forystuafl í frístundastarfi. Við viljum bjóða Reykjavíkurborg að styrkja stöðu sína og ímynd sem tónlistarborg með því að styðja eitt öflugasta jafnréttis- og tónlistargrasrótastarf landsins. Við þökkum Reykjavíkurborg kærlega fyrir að vera mikilvægur hluti af okkar vegferð og vonumst eftir áframhaldandi samstarfi.

Með vinsemd og kveðju,



Auður Viðarsdóttir

Verkefnastýra Stelpur rokka!



Áslaug Einarsdóttir

Framkvæmdastýra Stelpur rokka!



Sunna Ingólfssdóttir

Verkefnastýra Stelpur rokka!



VÖXTUR STELPUR ROKKA &

ENDURNÝJUN
SAMSTARFSSAMNINGS VIÐ
REYKJAVÍKURBORG

ROKKBÚÐASTARFIÐ

- Stelpur rokka! fagna 5 ára afmæli sínu veturinn 2016-2017
- Tæplega 500 stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklingar hafa sótt rokkbúðir og rokksmiðjur samtakanna.
- Yfir 80 hljómsveitir hafa starfað í rokkbúðum Stelpur rokka!



ÁRANGUR Í TÖLUM

- 17 rokkbúðir í Reykjavík, Akureyri og á Suðurnesjum
- 50 virkir sjálfbóðaliðar í hópnunum
- Aldrei fleiri kvenkyns þátttakendur í Músíktíraunum, Ísland got Talent, Drullumalli, Upptaktinum og fleiri tónlistarviðburðum fyrir ungmenni

Ungmennahúsið Rósenborg
KONUR ROKKA!
Á AKUREYRI 3. - 5. JÚNÍ
Fyrir konur* 18 ára og eldri
(50+ margvelkomnar!)

STELPUR ROKKA!
5 ÁRA

Kvennarokkbúðirnar eru fyrir konur af öllu landinu. Í búðunum lærir þú á **hljóðfæri**, spilar í **hljómsveit**, tekur þátt í spennandi **vinnusmiðjum** og kemur fram á þrusu **tónleikum!**

**SKRÁNING HEFST 10. MAÍ Á:
STELPURROKKA.ORG**


*Allar konur, trans menn og kynsegin einstaklingar hjartanlega velkomnir
Athugið að engin hljóðfærakunnátta er nauðsynleg
Gott aðgengi fyrir fólk með hreyfihömlun

SÓKNARÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA


AKUREYRARSTOFA

ÁRANGUR STARFSINS

**Myndir þú vilja koma aftur í
rokkbúðirnar?**



**Hefur þú öðlast aukið
sjálfstraust til þess að
spila og semja tónlist eftir
rokkbúðirnar?**



STAÐA KVENNA Í TÓNLIST Í DAG

- Karlmenn eru í miklum meirihluta þeirra sem starfa innan tónlistariðnaðarins á Íslandi
- Tónlistarkonur áttu tæplega 20% af útgefnu efni í floknum popp og rokk árið 2012
- Árið 2013 fengu 5 konur en 26 karlar úthlutað úr launasjóði tónskálda
- Í Félagi tónskálda og textahöfunda (FTT), eru 292 karlar en 42 konur
- Einungis 9,5% af skráðum verkum hjá STEF eru eftir konur og við skiptingu á tekjum er hlutur kvenna 9,3 %
- Engar konur stjórna stærstu plötuútgáfufyrirtækjum landsins. Fáar konur í stjórn tónlistratengdra samtaka á borð við STEF, FTT, ÚTÓN, FÍH, Samtón og Ístón
- Konur eru almennt ekki eins sýnilegar og karlar í tónlistarlífi á Íslandi
 - Iceland Airwaves og Íslensku tónlistarverðlaunin
 - Þáttastjórnendur á útvarpsstöðum
 - Valnefndir fyrir lagalista og verðlaun
 - Öll opinber umfjöllun og gagnrýni á íslenska tónlist

AÐFERÐAFRÆÐIN OKKAR

- Valfrjáls þáttökugjöld. Við vísum engum þátttakanda frá vegna fjárskorts
 - Viðmiðunarpáttökugjald en öllum er frjálst að borga upphæð að eigin vali
 - Tæplega þriðjungur nýtir frí og niðurgreidd pláss að jafnaði
 - Stelpur í minnihluta í forgangi fyrir frí pláss
- D.I.Y (Do It Yourself) hugmyndafræði, jákvætt og hvetjandi andrúmsloft og áhersla á sterkar kvenkyns fyrirmyndir
- Mjög virkar í alþjóðasamstarfi, þáttaka í ráðstefnuskipulagningu, sjálfbóðaliðaskipti, stuðning við aðrar rokkbúðir. Mikilvægur hluti af alþjóðlegri hreyfingu
- Virkt samstarf við önnur jafnréttissamtök á Íslandi, s.s KÍTÓN, Tabú, Trans Ísland og fleiri samtök
- Áhersla á félagslegt réttlæti í þjálfun sjálfbóðaliða og starfinu öllu
- kynningarherferðir til þátttakenda og sjálfbóðaliða í minnihluta

DAGSKRÁIN 2017

- Hljóðfæraeinkatímar í vor & rokkrúlletta fyrir ungar hljómsveitir
- 5 ára afmælishátíð 22. apríl á Kex hostel
- Tvennar Reykjavíkurokkbúðir fyrir 10 til 16 ára
- Kvennarokkbúðir fyrir 18 ára og eldri
- Tvennar Rokkbúðir á Akureyri fyrir 10 til 16 ára
- Gistirokkbúðir gegn ofbeldi fyrir
 - 16 til 20 ára
- Áframhaldandi stuðningur við rokkbúðir í Færeyjum, Grænlandi og í Tógó.
- Sjálfboðaliðaskipti til Noregs og Svíþjóðar.
- 8 rokksmiðjur í haust fyrir 10 til 16 ára þátttakendur
- Áframhaldandi samstarf við önnur jafnréttissamtök og fagþjálfun sjálfboðaliða



VIRKIR MEÐLIMIR Í ALÞJÓÐLEGRI HREYFINGU

- Áttum stóran þátt í stofnun Evrópunefndar rokksumarbúða (e. GRC European Committee) og eigum fulltrúa í formennsku nefndarinnar.
- Höfum átt fulltrúa í Rokkbúðabandalaginu í fjögur ár, höfum sótt sex ráðstefnur og tekið þátt í undirbúningi fjögurra ráðstefna. Höfum sent alls 18 sjálfboðaliða og skipuleggjendur á ráðstefnur Rokkbúðabandalagsins.
- Tókum þátt í að skipuleggja fyrstu tvær rokkbúðaráðstefnur Evrópunefndarinnar í Svíþjóð og í Finnlandi og höfum sent alls 9 konur á ráðstefnur Evrópunefndarinnar.
- Skipuleggjendur pólskra rokksumarbúða komu til Íslands í fræðsluferð til að læra af Stelpur rokka! Sjálfboðaskipti á milli okkar og Karioka Rock Camp í Póllandi annars vegar og Loud! í Noregi hinsvegar.
- Meðstofnendur rokkbúða í Grænlandi, Færeyjum og Tógó og áframhaldandi stuðningur við rokkbúðirnar.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Verða leiðandi í valdeflandi tómstundastarfi á Íslandi
- Verða leiðandi í fræðslu um félagslegt réttlæti í tómstundastarfi á Íslandi
- Hafa að minnska kosti 2 starfskonur í fullu starfi árið um kring
- Taka á móti 250 þátttakendum á ári og vera með starfsemi árið um kring
- Að koma á fót rokkbúðum víðsvegar um landið sem íbúar á hverjum stað framkvæma, með stuðningi frá okkur
- Efla sjálfboðaliða og þátttakendur til að láta að sér kveða í íslensku tónlistarlífi og leiðrétta kynjahalla í íslenskum tónlistariðnaði.
- Að leiðrétta kynjahalla í íslenskum tónlistariðnaði

STAÐA ROKKBÚÐA SEM HAFA STARFAÐ LENGUR

- Popkollo í Svíþjóð voru með fyrstu sumarbúðirnar í Hultsfred árið 2003. Urðu landssamtök á fjárlögum frá sænska ríkinu og eru í dag með rokkbúðir í 12 bæjum og borgum í Svíþjóð. Eru með 4 kvenna skipulagsteymi í fullu starfi í landssamtökunum og starfskonur í hverjum búðum
- Girls Rock Philly hafa starfað í 10 ár og halda úti starfi árið um kring í Philadelphia í Bandaríkjunum. Þrjár starfskonur í fullu starfi.
- Willie Mae Rock Camp for girls í Brooklyn, New York, halda einnig úti starfi árið um kring og hafa starfað í yfir 10 ár. Þrjár starfskonur í fullu starfi.


VERKEFNI 2018 - 2020

- Fjölga þátttakendum í 250 á ári
- Rokkbúðadagskrá árið um kring til viðbótar við rokksumarbúðir; einkatímar, rokksmiðjur, rokkrúlletta (hljómsveitastuðningur), vetrarrokkbúðir
- Fleiri fræðsluviðburðir um jafnréttismiðað tómsundastarf í skólum, félagsmiðstöðvum og öðrum samstarfsaðilum
- Ráða starfskonu í hálf t starfshlutfall
- Auka aðgengi þátttakenda í minnihluta að rokkbúðunum
- Stytttri rokksmiðjur á Vestfjörðum og á Egilsstöðum til viðbótar við rokkbúðir í Reykjavík og á Akureyri

REKSTRARÁRIÐ 2016

Heildarinnkoma fyrir innlenda starfsemi 2016: 9,6 milljónir

- Aðrir styrkir, eigið fé, framlög: 4,3 milljónir
- Þáttökugjöld: 2,8 milljónir
- Framlag Reykjavíkurborgar: 2,5 milljónir



HVAÐ GERUM VIÐ FYRIR FJÁRMAGNIÐ?

- Árið 2016 buðum við upp á 25 -36 klukkutíma rokkbúðadagskrá fyrir 111 stelpur, konur og transungmenni sem samanstóð af:
 - Hljóðfærakennslu í fámennum hópum,
 - Hljómsveitaæfingum með stuðningi tveggja hljómsveitastýra sem starfa með hverri hljómsveit
 - Húsnæði með sal og æfingaaðstöðu, hljóðfæri og græjur fyrir hvern þátttakanda
 - Faglegum og vel undirbúnum vinnusmiðjum
 - Fræðslu um femínisma og félagslegt réttlæti
 - Tónleikaheimsókn,
 - Hópefli, þemaumræður og hressingu
 - Glæsilega lokatónleika
 - Eftirfylgni við hljómsveitir eftir rokkbúðirnar
 - Sérmerktan bol og varning til þátttakanda
- Ef miðað er við að heildarinnkoma ársins fari beint í kostnað við hvern þátttakanda í rokkbúðunum:
 - Rokkbúðirnar kosta tæpar 86.000 krónur per þátttakanda
 - Rokkbúðirnar kosta Tæplega 2400 krónur per klukkutíma per þátttakanda

ÞÁ ER ÓTALIÐ:

- Kynningarherferð til stelpna í minnihluta og tæplega þriðjungur þátttakenda fær niðurgreiðslu að hluta eða öllu leyti
- Héldum sex dags fyrir og helgarlangarsmiðjur fyrir 10 til 16 ára þar sem þátttakendur lærðu að rappa, lærðu á raftónlistarforrit, lærðu að þeyta skífum ofl. Héldum einnig hljóðtækninámskeið fyrir konur.
- Buðum alls 14 konum á tvennar fagraðstefnur og tókum á móti og sendum sjálfboðaliða til rokkbúðanna í Noregi. Tökum virkan þátt í skipulagningu ráðstefnu Rokkbúðabandalagsins og eigum fulltrúa bæði í stjórn Rokkbúðabandalagsins og í Evrópunefnd rokkbúða.
- Studdum rokkbúðirnar í Póllandi með fjöldafjársofnun og studdum fyrstu rokkbúðirnar í Vestur Afríku í Tógó með styrk, hljóðfærasöfnun og sjálfboðaliðaskiptum.
- Tókum þátt í fjölmörgum samstarfsviðburðum; Rokkhátíð Æskunnar, Iceland Airwaves, Stelpur filma!
- Stofnuðum og festum í sessi Stelpur rokka! Norðurland, systrasamtök stelpur rokka! sem munu halda úti öflugri dagskrá árið um kring á Norðurlandi.
- Öflug sjálfboðaliðafræðsla sem byggir á fagþekkingu og skýrum gildum um félagslegt réttlæti. Buðum upp á ungliðaprógram til að þjálfra yngri sjálfboðaliða. Ferðaumbun og glaðningar fyrir sjálfboðaliða.
- Stofnuðum rokkbúðir í Færeyjum og á Grænlandi með stuðningi grænlenkra og færeyskra tónlistarkvenna sem munu halda áfram með rokkbúðirnar. Sendum 8 sjálfboðaliða frá Stelpur rokka! Til að vinna í báðum rokkbúðum.
- Auk ótalins kostnaðar við rekstur samtakanna yfir allt árið, heimasíða, tímabundin skrifstofa, fundahöld, samfélagsmiðlar og kynningarherferðir, stuðningur við þátttakendur árið um kring ofl.

FORSENDUR FYRIR VEXTI SAMTAKANNA

- Höfum fest í sessi metnaðarfullt, skapandi og faglegt jafnréttis- og tónlistarstarf sem byggir á náinni samvinnu sjálfboðaliða og þátttakanda fyrir mjög lítið fjármagn.
- Til að tryggja sjálfbærni samtakanna er nauðsynlegt að ráða framkvæmdastýru/starfskonu í hálfstarf árið um kring
 - Framkvæmdastýra/starfskona ráðin sem launþegi í ársbyrjun 2018.
- Forsenda þess að geta boðið fleiri þátttakendum í rokkbúðir er að hafa fjárhagslegt svigrúm til að bjóða fleiri tímabundin sumarstörf.
- Við þurfum að leigja húsnæði fyrir viðburði árið um kring sem og æfingastöðu fyrir ungar hljómsveitir.


INNKOMULIÐIR Á ÁRI ÁRIN 2018 TIL 2020

Heildarvelta rokkbúðanna verður um **15 milljónir** á ári

■ Styrkir, eigið fé og
framlög: 6.5 milljónir

■ Þáttökugjöld: 3.5
milljónir

■ Framlag
Reykjavíkurborgar: 5
milljónir



ÁNÆGÐIR FORELDRAR

- „Tónleikarnir í kvöld voru frábærir, lygilegt að sjá hvað stelpurnar voru búnar að gera á nokkrum dögum. Þið sem standið að þessu eigið heiður skilið fyrir starf ykkar, á eiginlega ekki orð til að lýsa ánægju minni með ykkur.“
- „Gleymi aldrei þessum degi, svo mikil gleði og góðir straumar og innilegustu þakkir til ykkar sem gerðu þetta mögulegt. “

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

- www.stelpurrokka.org
- www.stelpurrokka.tumblr.com
- Stelpur rokka á facebook
- www.girlsrockcampalliance.org
- rokksumarbudir@gmail.com
- S: 6965438 (Áslaug)

